

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

I. kafli

1. gr.

Markmið og tilgangur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, félagslegra aðstæðna og þungrar framfærslubyrðar.

II. kafli

Réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings

2. gr.

Markmið og tilgangur

Félagspjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagspjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

3. gr.

Skilyrði fyrir að umsókn verði tekin til meðferðar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

- Að umsækjandi hafi fengið samþykktu umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

2. Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili í einu af fimm sveitarfélögum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.
3. Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 4. gr.
4. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18. ára og eldri, séu undir efri tekjumörkum skv. 6. gr. reglna þessara.
5. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 6. gr.

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykktardegi. Í þeim tilfellum hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. er uppfyllt.

III. kafli

Félagslegar aðstæður, fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

4. gr.

Mat á félagslegum aðstæðum

Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Notast er við matsviðmið sem er ætlað að meta félagslegar aðstæður umsækjanda.

5. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi 900 krónur í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 5. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 6. gr. reglna þessara.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 70.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki er greiddur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er 40.000 kr. eða lægri.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

6. gr.

Áhrif tekna og eigna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miða skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. Kafli laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, skulu ekki nema hærri fjárhæð en 5.126.000 kr. í lok nýliðins árs.

7. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðarmótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal Félagþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að

fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggi að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

8. gr.

Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun greiðslu húsnæðisbóta frá Vinnumálastofnun skal Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá Vinnumálastofnun. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

IV. Kafli

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna

9. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna.

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára námsmanna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum hér á landi eða leiguherbergi í íbúðarhúsnæði vegna náms fjarri lögheimili.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjárðila og nemur 60% af leigufjárhæð, þó eigi hærrí en 25 þúsund af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-6. gr. reglna þessara gilda ekki um sérsakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára námsmanna.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna er samþykktur eina önn í senn og ber að skila staðfestingu á áframhaldandi námi ungmennis við upphaf nýrrar annar.

Greitt er frá þeim mánuði sem umsókn berst, ekki er greitt aftur í tímann.

V. Kafli

Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

10. gr.

Gildistími umsókna

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Til þess að viðhalda umsókn þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg og skila þarf öllum gögnum eins og um nýja umsókn sé að ræða og hún metin sem slík. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 3. gr. reglna þessara sé fullnægt.

11. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa Félagþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

12. gr.

Auglýsingar

Auglýst skal eftir umsóknum um sérstakar húsnæðisstuðning einu sinni á ári. Í auglýsingu komi fram helstu atriði reglna um sérstakan húsnæðisstuðning hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Þó er alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

13. gr.

Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 14. gr. reglna þessara.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal Félagþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 14. gr. reglna þessara.

14. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila þar til skuld hefur verið greidd. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

15. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu endurkrafið umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

VI. kafli

Málsmeðferð

16. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er, þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst, og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

17. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

18. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

19. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

20. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Ráðgjafar félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar. Félagsmálanefnd er heimilt að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun.

21. gr.

Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun meðferðarfundar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til félagsmálanefndar og til úrskurðarnefndar velferðarmála.

22. gr.

Málskot til félagsmálanefndar og úrskurðarnefndar velferðarmála

Heimilt er að bera synjun um sérstakan húsnæðisstuðning í heild eða hluta undir félagsmálanefnd skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun velferðarráðs.

23. gr.

Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi reglur Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um sérstakar húsaleigubætur.

Ákvæði til bráðabirgða

I. Þær umsóknir um sérstakar húsaleigubætur sem í gildi eru við gildistöku reglna þessara munu gilda áfram og fyrsta greiðsla á grundvelli þeirra umsókna mun fara fram þann 1. febrúar 2017. Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings sem greidd verður í fyrsta sinn þann 1. febrúar 2017 byggist á ákvæðum reglna þessara.

II. Greiðslur falla niður ef umsækjandi, sem á samþykkaða umsókn um sérstakar húsaleigubætur leggur ekki fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning innan tveggja mánaða.

Samþykkt í sveitarfélögum byggðarsamlagsins:

Ásahrepp þann 30. janúar 2017

Rangárþingi ytra þann 8. febrúar 2017

Rangárþingi eystra þann

Mýrdalshrepp þann 16. febrúar 2017 að undanskildri umsýslu vegna umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir 15-17 ára en sú afgreiðsla verður áfram afgreidd af skrifstofu Mýrdalshrepps.

Skaftárhreppur þann 9. febrúar 2017.